

Fundargerð 477

Föstudaginn 18. október 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Þórey Edda Elísdóttir (ÞEE) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 6-10), Pétur Grétarsson (PG) lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 5), Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigríður Jóhannesdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:36 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Framlenging verkefnis um brothættar byggðir í Grímsey - til afgreiðslu
3. Lóð við nýbyggingu Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu
5. Lánamál - til afgreiðslu
6. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
7. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar
8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar
10. Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar - til kynningar
11. Flutningsjöfnunarstyrkir 2019 - til kynningar
12. Landfræðilegt og efnahagslegt litróf garðyrkju á Íslandi - skýrsla til kynningar
13. Önnur mál
14. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 476.

Formaður bar upp fundargerðina og komu engar athugasemdir upp. Var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Framlenging verkefnis um brothættar byggðir í Grímsey - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað varðandi ósk um framlengingu verkefnisins Brothættar byggðir í Grímsey sem AP fór yfir.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi sínum 23. júní 2015 að bjóða Grímseyingum til samstarfs í verkefninu Brothættar byggðir. Reiknað var með verkefnistíma frá síðari hluta árs 2015 til loka árs 2019, það er á fimmta ár. Íbúar Grímseyjar sendu nýlega stofnuninni áskorun um að verkefnið verði framlengt um eitt ár, til loka árs 2020. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar tók undir þá beiðni á fundi sínum þann 3. september s.l.

Lagt er til að forstjóra verði heimilað að framlengja samning um verkefnið Brothættar byggðir í Grímsey til loka árs 2020.

Til máls tóku MBJ, GP, KB og HKH.

Formaður bar upp tillöguna og eftirfarandi bókun. „*Stjórn felur forstjóra að fylgjast vel með framvindu mála í Grímsey og þeirri stöðu sem komin er upp hvað varðar íbúapróun og framhald byggðar í eygni og upplýsa stjórn um hana*“

Samþykkt samhljóða.

3. Lóð við nýbyggingu Byggðastofnunar – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra um lóð við hús Byggðastofnunar að Sauðármýri 2. AÐ fór yfir minnisblaðið og sagði verkið ganga vel og eftir áætlun. Tillaga hefur komið frá Framkvæmdasýslu ríkisins um að semja við verktaka húsbyggingarinnar, Friðrik Jónsson ehf. um framkvæmdir og lokafrágang lóðar vegna hagræðis sem í því fælist. Hefur Friðrik Jónsson gert FSR tilboð í verkið sem hljóðar upp á kr. 48.622.152.

Lagt er til að forstjóra verði heimilað að ganga til samninga við Friðrik Jónsson ehf. um framkvæmdir og lokafrágang lóðar við nýbyggingu Byggðastofnunar skv. ofangreindu minnisblaði.

Til máls tóku MBJ, GP, AÐ, KB, HÁ og ÞEE.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

4. Aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur matsblað vegna úthlutunar á aflamarki í Grímsey til Hafborgar ehf. sem lagt var fyrir Aflamarksnefnd Byggðastofnunar, umsögn Akureyrarbæjar og bókun Aflamarksnefndar Byggðastofnunar.

Í bókun Aflamarksnefndar segir: „*Í ljósi úrskurðar Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um stjórnsýslukæru Hafborgar ehf. í framhaldi af úthlutun aflamarks í Grímsey var útbúið matsblað vegna umsóknar Hafborgar um aflamark Byggðastofnunar í Grímsey 2018-2024. Farið var yfir matsblað Hafborgar og telur nefndin Hafborg ehf uppfylla skilyrði til að fá aflamarki úthlutað. Lagt er til að félaginu verði úthlutað 60 þorskígildistonn á ári fiskveiðiárin 2019-2020, 2020-2021, 2021-2022, 2022-2023 og 2023-2024 og jafnframt sama magni vegna fiskveiðiársins 2018/2019. Aflað verði umsagnar Akureyrarbæjar vegna tillögunnar.*“

Á fundi Bæjarráðs Akureyrarbæjar 17. október 2019 var bókað: „*Bæjarráð gerir ekki athugasemd við bókun Aflamarksnefndar Byggðastofnunar*“

Til máls tóku AÐ, KB, HÁ og MBJ.

Formaður bar upp tillögu aflamarksnefndar og var hún samþykkt samhljóða.

AÐ upplýsti að verið sé að vinna úr umsóknum vegna aflamarks á Flateyri.

5. Lánamál - til afgreiðslu

...

Formaður gerði fundarhlé kl. 11:52 og fór stjórn m.a. í vettvangsferð í nýja skrifstofubyggingu stofnunarinnar á Sauðármýri 2 ásamt samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Sigurði Inga Jóhannssyni, Sigtryggi Magnasyni, aðstoðarmanni ráðherra og Hermanni Sæmundssyni, skrifstofustjóra. Formaður setti aftur fund kl. 12:46.

HP kom á fundinn.

...

6. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur 5. útgáfa af áhættustefnu Byggðastofnunar en drög að henni voru kynnt á síðasta fundi stjórnar.

HP kynnti áhættustefnuna og þær breytingar sem hafa verið gerðar frá síðustu útgáfu.

Til máls tóku AÐ, MH, GP og MBJ.

Formaður bar upp 5. útgáfu áhættustefnu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

7. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla Byggðastofnunar vegna 3. ársfjórðungs 2019.

HP kynnti skýrsluna og helstu breytingar sem hafa orðið frá síðustu áhættuskýrslu. Allir áhættuþættir eru innan skilgreindra viðmiða fyrir utan LPA mælikvarðann sem hefur þó lækkað frá síðustu skýrslu.

Til máls tóku HÁ, MBJ og GP.

8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 30/19 til 34/19

AÐ fór yfir þær og helstu málin sem þar komu fram.

Til máls tóku MBJ og KB.

9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 – til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit um framfylgd verkefna á starfsáætlun Byggðastofnunar og staða rekstrar 30. september 2019 sem AÐ fór yfir og kynnti.

SBS sagði frá skiptingu fjár til atvinnuþróunarfélaganna. Þörf væri á að taka skiptingu fjárins til endurskoðunar m.a. vegna sameiningar félaga sem sæju fram á lækkun við sameiningu. Þá væri ósvarað þeirri spurningu hvort ákveðin félög eigi rétt áfram á ákveðnum eyrnamerkum fjármunum.

GP spurði um fjölda umsækjenda um starf forstöðumanns þróunarsviðs. AÐ sagði að 24 hefðu sótt um starfið.

10. Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar – til kynningar

Fyrir fundinum liggur kynning á fullnustueignum stofnunarinnar sem HÁ kynnti.

Til máls tóku MBJ, GÞ og MaH.

11. Flutningsjöfnunarstyrkir 2019 – til kynningar

Fyrir fundinum liggur greinargerð um Svæðisbundna flutningsjöfnun sem HP kynnti.

Til máls tóku SBS, KB, GÞ, HÁ og MBJ.

KB spurði hvort hægt væri að taka saman yfirlit um allar fjárveitingar ríkisins til byggðamála. SBS benti á samantekt á fjárframlögum ríkisins til byggðamála á síðu 17 í umsögn Byggðastofnunar um áhrif fjárlagafrumvarpsins á byggðaðþróun í landinu.

HP fjallaði um mögulega stjórnsýslukæru vegna flutningsjöfnunarstyrkja á árinu 2019.

HP vék af fundi.

12. Landfræðilegt og efnahagslegt lítróf garðyrkju á Íslandi – skýrsla til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrslan Landfræðilegt og efnahagslegt lítróf garðyrkju á Íslandi - Staðbundin efnahagslegt mikilvægi garðyrkju á Ísland sem GÞ kynnti.

13. Önnur mál*Trúnaðarmál*

MBJ ræddi um trúnaðaryfirlýsingar. HÁ upplýsti að nýverið væri búið að lögbinda þagnarskylduákvæði starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og almennt væri rætt um ákvæði um þagnarskyldu væri í reglum stjórnar.

14. Næsti fundur

Næsti fundur verður 15. nóvember n.k. á Austurlandi. AÞ leggur til að næsti fundur verði haldinn 17. desember n.k. og mun senda þá tillögu á stjórnarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:37

Magnús Helgason fundarritari
